

STARFSLÝSING

Yfirmaður er forstöðumaður framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar Fjarðabyggðar

1. Meginviðfangsefni vélstjóra

☉ Eftirlit og umsjón með dráttarbátum og ábyrgð á að báturinn sé ávallt tilbúinn til notkunar þegar þörf krefur.

Vinnur að verkefnum framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar, hafnarvörslu og veitusviðs, auk annarra verkefna.

2. Helstu verkefni

☉ Vélstjórn á dráttarbáti.

Viðhaldsverkefni á veitusviði, s.s. Rafveitu Reyðarfjarðar og Hitaveitu Fjarðabyggðar.

Viðhaldsverkefni tækjumiðstöðvar.

Þjónusta við viðskiptavinum hafnarinnar s.s. að binda og losa skip við komur og brottfarir, afgreiðsla vatns og rafmagns, sorphirða frá skipum, vigtnun o.fl. í samvinnu við hafnarverði.

Skráning afla í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

Viðhald hafnarbakka og annarra hafnarmannvirkja.

Tilkynning til yfirhafnarvarðar um bilanir og slit til undirbúnings viðhaldi.

Viðhald öryggisbúnaðar hafnarinnar.

Hreinsun og snyrting hafnarbakka og hafnarsvæða.

Snjó- og hálkueyðing af hafnarbökkum, bryggjuköntum, pollum og bílavog.

Þrif í starfsstöð og ábyrgð á að umhverfi sé snyrtilegt og vel um gengið. Tækjum, bílum og verkfærum skal raða skipulega upp.

Eftirlit og umsjón með skipakomum, vöruflutningum og öðru því sem um höfnina fer og skráning þeirra.

Stjórn á umferð skipa um höfnina og ákvörðun um legustað þeirra, færsla innan hafnar.

Aðgangsstýring að hafnarsvæðinu og útgáfa aðgangskorta í samráði við yfirmann.

2.1 Fjármál

Staðfesting útgjalda á kostnaðarstöðum sem hann ber ábyrgð á og eftirlit með framvindu fjárhagsáætlunar.

Reikningsfærsla fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustu hafnarinnar og annað sem tilheyrir reikningagerð.

Staðfesting útgjalda sem starfsmaður stofnar til.

2.2 Samskipti

Við aðra starfsmenn Fjarðabyggðarhafna og framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar.

Við viðskiptavinum hafnarinnar.

2.3 Önnur verkefni

Tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

2.4 Sérstök ákvæði

Samstarf hafna og framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar er í mótun og starfslýsing kann að taka breytingum.

3. Hæfis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Vélstjórnarréttindi.
- Hafngæslumannsréttindi í hafnarvernd.
- Vigtarréttindi.
- Bílpróf.

3.2 Hæfnisþættir

- Góð íslensku kunnátta.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.

Skírteini til staðfestingar prófum og réttindum, auk sakavottorðs skal fylgja umsókn.